

Heilsugæslan Miðbæ

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

ÞARFAGREINING og HÚSRÝMISÁÆTLUN
FEBRÚAR 2024

VERKKAUPI:
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ (FJR)

UMSJÓNARAÐILI:
FRAMKVÆMDASÝSLAN – RÍKISEIGNIR (FSRE)



EFNISYFIRLIT

ALMENNT	1
1 INNGANGUR	1
2 STEFNUMÓTUN	2
3 ÞARFAGREINING	3
3.1 Núverandi staða	3
3.2 Forsendur	6
3.3 Almenn lýsing	7
3.4 Áætlun um notendur (starfsfólk/skjólstæðingar), búnað og tæki	7
3.5 Staðsetning	9
3.6 Skipulag húsnæðis og æskileg tengsl	9
4 HÚSRÝMISÁÆTLUN	9
4.1 Forsendur	9
4.2 Stærðarviðmið	10
5 NIÐURLAG	10
6 FYLGISKJAL I: HÚSRÝMISÁÆTLANIR, SUNDURLIÐAÐAR	13

ALMENNT

Samkvæmt Verklagsreglum fjármálaráðuneytis skal gera þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir opinbera starfsemi ríkisins. Í verklagsreglum stendur m.a. „Gerð er grein fyrir eðli og umfangi verkefnisins og sú þörf skilgreind sem ætlunin er að leysa með því. Almennt skal miða við þróun starfseminnar 5-10 ár fram í tímann, en jafnframt hugað að lengri framtíð eftir því sem aðstæður leyfa. Þegar þessar forsendur liggja fyrir skal efna til samráðs við notendur mannvirkis á grundvelli þeirra en mikilvægt er að sjónarmið notenda komist til skila á þessu stigi. Við mat á rýmisþörf starfseminnar skal taka tillit til þeirra viðmiða sem sett verða fyrir almenna og sértæka notkun húsnæðis á vegum ríkisins ásamt reynslu af gerð sambærilegra mannvirkja. Húsrýmisáætlun er unnin í samræmi við viðmið frá heilbrigðisráðuneytinu frá október 2023, viðmiðin nefnast „Viðmið um stærð og skipulag heilsugæslustöðva, útgáfa 3“. Einnig er stuðst við „Viðmið um vinnuumhverfi, leiðbeiningar um þróun húsnæðis og starfsaðstöðu ríkisaðila“, gefin út af Framkvæmdasýslu ríkisins, eða eftir atvikum önnur leiðbeiningarrit ráðuneytisins.

Í þarfagreiningu þarf að horfa til hugmyndafræði um þá þjónustu sem veita skal á heilsugæslustöðvum og mögulegrar þróunar hennar. Stærð og skipulag húsnæðis skal taka mið af:

- Fjölda íbúa/skjólstæðinga viðkomandi þjónustusvæðis.
- Þeirri þjónustu sem veitt er.
- Möguleika til breytinga á þjónustu og þróunar hennar.

Skipulag húsnæðis skal vera með þeim hætti að þjónusta við notendur og rekstur stöðvarinnar verði skilvirkur og að það henti vel fyrir teymisvinnu starfsmanna. Einnig skal taka mið af mögulegum tækninýngum sem bætt geta þjónustuna og aðgengi að henni.

1 INNGANGUR

Heilsugæslan Miðbæ er ein fimmtán heilsugæslustöðva Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH). HH starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um heilbrigðisþjónustu. Um rekstur og starfsemi heilsugæslustöðva gilda lög nr. 40/2007 og reglugerð nr. 1111/2020, auk annara laga sem gilda um heilbrigðisþjónustu.

Hlutverki og þjónustu heilsugæslustöðva er lýst í 18. og 19. gr. reglugerðar um heilsugæslustöðvar, nr. 1111/2020. Þar er þess getið að heilsugæslustöð skuli skipulögð á þann hátt að hún sé fyrsti viðkomustaður notenda heilbrigðisþjónustu. Þjónusta heilsugæslustöðva nær til heimilislækninga, geðheilbrigðisþjónustu, heimahjúkrunar, meðgöngu-, ung- og smábarnaverndar, heilsuverndar skólabarna og eldra fólks, auk bæði bráða- og bókaðrar móttöku hinna ýmsu erinda.

Heilsugæslan Miðbæ er staðsett við Vesturgötu 7 og þjónar fyrst og fremst íbúum í póstnúmeri 101 vestan Snorrabrautar og norðan Hringbrautar, en allir eru velkomnir á stöðina. Lögð er áhersla á samfellda þjónustu með hag einstaklingsins og fjölskyldunnar í huga. Fagleg afstaða er tekin til allra erinda og annað hvort leyst úr þeim eða ráðlagt um önnur úrræði. Þjónustan byggir á sérþekkingu starfstétta og þverfaglegri samvinnu.

Samkvæmt fjármögnunarlíkani heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu á vegum Stjórnarráðs Íslands þá voru samtals 14.653 skjólstæðingar á heilsugæslustöðinni í nóvember s.l. Starfsmenn eru samtals 29. Stöðugildi eru samtals 24.

Aðstaða starfsfólks og skjólstæðinga er ábótavant. Rými í húsinu eru af óhentugri stærð, almennt of lítil og of fá, og þjóna starfseminni ýmist illa eða eru óhagstæð í rekstri. Í þarfagreiningu þessari verður fjallað nánar um núverandi húsnæði heilsugæslunnar og þær þarfir sem húsnæðið uppfyllir ekki. Tekið er tillit til stefnumótunar heilsugæslunnar, skipulags, starfsmannafjölda og æskilegra innri tengsla.

Eftirtaldir aðilar komu að gerð þarfagreiningar þessarar eða veittu upplýsingar sem stuðst var við; heilbrigðisráðuneytið, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Heilsugæslan Miðbæ og starfsmenn FSRE.

2 STEFNUMÓTUN

Heilsugæslan Miðbæ fylgir stefnu og meginmarkmiðum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Útfærsla á meginstefnu kemur fram í þjónustustefnu, upplýsingaöryggisstefnu, starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu og samgöngustefnu. Heilsugæslunni er ætlað stórt hlutverk í heilbrigðisþjónustu við landsmenn samkvæmt lögum. Hún á að vera fyrst viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu þar sem notendur eiga kost á almennum lækningum, hjúkrun, endurhæfingu, heilsuvernd og forvörnum. Þar skal einnig vera bráða- og slysamóttaka.

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er:

að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan byggir á sérþekkingu fagstétta og víðtæku þverfaglegu samstarfi.

Markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er:

- að veita þeim sem til hennar leita áhrifaríka og góða heilbrigðisþjónustu
- að bjóða samfellda, aðgengilega og heilðræna þjónustu
- að stunda árangursríkan og hagkvæman rekstur
- að heildarskipulag og verkaskipting innan og milli heilsugæslustöðva styðji við framtíðarsýn
- að notuð sé viðeigandi og skilvirk upplýsingatækni
- að stundað sé stöðugt og metnaðarfullt rannsóknar- og fræðslustarf

Gildi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru virðing, samvinna, fagmennska.

Í því felst:

- **Þjónusta.** Aðgengileg, samfelld og heilðræn þjónusta.
- **Gæði og öryggi.** Virk nýting gæðaviðmiða
- **Mannauður.** Óflugt teymi ánægðra starfsmanna
- **Samstaða.** Samvinna milli starfseininga, samvinna í samfélagi

3 ÞARFAGREINING

3.1 Núverandi staða

Heilsugæslan er í dag til húsa við Vesturgötu 7 og tók til starfa 1991. Staðsetning stöðvarinnar er í gamla Vesturbænum, á mörkum íbúðabyggðar til vesturs og miðsvæðis borgarinnar sem einkennist af menningu og þjónustu. Aðgengi fyrir gangandi í stöðina er ágætt og stutt er í bílastæðahús, en fá bílastæði eru við inngang stöðvarinnar. Næstu stoppistöðvar strætó eru við Hafnarhúsið og Ráðhúsið.

Heilsugæslan er á fyrstu hæð og er alls um 519,1 m² ásamt sameiginlegu anddyri og umferðarrýmum. Starfsemin er á einni hæð í leiguhúsnæði í eigu ríkissjóðs. Í byggingunni er einnig að finna dagvist aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar og íbúðir á efri hæðum.

Í upphafi störfuðu 3 læknar við stöðina. Í dag starfa þar 8 heimilislæknar, ásamt fjölda annarra starfsmanna, s.s. hjúkrunarfræðingar, ljósmæður o.fl. Sumir starfsmenn starfa aðeins hluta úr viku á heilsugæslustöðinni og eru stöðugildin því á bilinu 0,1 upp í 1.

Á heilsugæslustöðinni starfa 29 starfsmenn í 23 stöðugildum:

Starfsheiti	Fjöldi janúar 2024	Stöðugildi
Heimilislæknar	8	5,8
Námslæknar	4	3,5
Kandídatar	1	1
Hjúkrunarfræðingar	7	5
Ljósmóðir	3	1,7
Ritarar (móttökuritarar og læknaritarar)	5	5
Sálfræðingur	1	1
Alls fjöldi starfsmanna / stöðugilda	29	23

Tafla 1. Núverandi fjöldi starfsmanna og stöðugilda

Fjöldi skjólstæðinga Heilsugæslunnar Miðbæ voru 14.551 í desember s.l. (2023) og hefur þeim farið hratt fjölgandi síðustu ár. Frá árinu 2017 hefur skjólstæðingum fjölgað um 31%. Á meðal skýringa er fjölgun íbúa í miðbænum, fjölgun ferðamanna og flutningar skjólstæðinga á milli heilsugæslustöðva. Á töflu fyrir neðan er samantekt upplýsinga frá fjármögnunarlíkani heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu:

Mánuður, ár	Fjöldi skráðra skjólstæðinga
Janúar, 2017	11.078
Janúar, 2018	11.586
Janúar, 2019	11.886
Janúar, 2020	12.793
Janúar, 2021	13.485
Janúar, 2022	13.889
Janúar, 2023	14.366
Desember, 2023	14.551

Tafla 2. Þróun fjölda skjólstæðinga frá 2017 til 2023

Megin þættir starfseminnar eru:

- Bókuð móttaka lækna og hjúkrunarfræðinga
- Dagvakt hjúkrunarfræðinga og lækna
- Símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga
- Sínaviðtöl lækna – bókuð
- Svörun heilsuveru – ritarar, hjúkrunarfræðingar og læknar
- Mæðravernd
- Ungbarnavernd
- Skólahjúkrun – grunnskóla og nú í vetur frh. skólum
- Lífsstílmóttaka – sem er eins og er fyrst og fremst sykursýkismóttaka
- Heilsuvernd aldraðra
- Sálfræðimeðferð fullorðinna
- Sálfræðimeðferð barna
- Skimun fyrir leghálskrabbameini
- Eftirlit með brjóstakrabbameini
- Hreyfiseðill
- Samvinna við félagsþjónustu Reykjavíkur, BUGL o.fl.
- Rannsóknarsvör og læknabréf – flokkuð af riturum – skoðuð og brugðist við af læknum og skjólstæðingar upplýstir gegnum síma eða heilsuveru
- Bólusetning (vegna Covid, influensu, ferðalaga o.fl.)


Taflan að neðan sýnir tíðni þeirrar þjónustu sem Heilsugæslan Miðbæ veitti á árunum 2019-2023. Vakin er athygli á því að á stórum hluta þessa tíma var Covid í gangi og hefur áhrif á niðurstöður að einhverju leyti.

Ár	Færsla án samskipta	Rafræn samskipti	Símtal	Viðtal	Vitjun	Annað	Alls
2019	6972	8890	19974	26947	461	93	63337
2020	7304	19478	31911	23972	500	33	83198
2021	8872	34433	27618	27493	553	15	98982
2022	7533	31529	22492	30248	483	-	92285
2023	8280	31080	18206	29683	384	7	87640

Tafla 3. Tíðni þjónustu stöðvarinnar 2019-2023

Núverandi húsnæði

Núverandi húsnæði er orðið of lítið, lélegt og skipulag þess hentar starfsemi illa. Þessir þættir hafa áhrif á að heilsugæslustöðin er undirmönnuð miðað við fjölda skjólstæðinga og erfitt er að ráða fleira starfsfólk. Húsnæðið uppfyllir þar að auki ekki þau skilyrði sem getið er um í kröfulýsingu um heilsugæslustöðvar og þeim skilyrðum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem er að finna í lögum nr. 46/1980. Aðstaðan styður ekki við flæði í starfsemi miðað við nútíma kröfur og þróun í heilbrigðismálum og hefur því hamlandi áhrif á starfsemi. Finna þarf hentugra húsnæði svo hægt sé að veita skilvirkari og öflugri þjónustu til skjólstæðinga, og mæta betur þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar.



Teikning af núverandi húsnæði Heilsugæslu miðbæjar Reykjavíkur við Vesturgötu 7

Helstu ókostir við núverandi húsnæði:

- Húsnæðið er of lítið fyrir núverandi starfsemi, bæði í heild og svo eru einstök rými of lítil, t.d. viðtalsstofur og biðstofa.

- Það vantar fleiri gerðir rýma fyrir starfsemina og því lítið svigrúm fyrir ýmsa sérhæfða þjónustu, s.s. lífstílmóttöku, öldrunarmóttöku o.s.l.
- Húsnæðið er orðið lélegt, kominn er tími á viðhald og endurbætur. Leki hefur t.d. komið upp í viðtals- og skoðunarherbergjum og kaffistofu, tvö rými eru ónothæf vegna þess.
- Húsnæðið stenst ekki nútímakröfur og þörf er á að bæta vinnumhverfi, þ.a.l. er það óaðlaðandi fyrir nýtt starfsfólk.
- Vandamál er með bæði dagsbirtu og loftun. Í einu rými t.d. (skiptistofu) vantar glugga og í öðrum rýmum, t.d. viðtalsstofum/skoðunarherbergjum, er ekki hægt að opna glugga vegna hættu á að samtöl heyrist út á götu eða í garð.
- Aðgangsstýring ábótavant.
- Það vantar flóttaleið úr skoðunarstofum, t.d. ef skjólstæðingur er hótandi.
- Það vantar aðskilinn inngang fyrir smitandi einstaklinga.
- Skortur er á bílastæðum fyrir skjólstæðinga við stöðina.

3.2 Forsendur

Húsnæði Heilsugæslunnar Miðbæ þarf að uppfylla þær lágmarksparfir sem gera heilsugæslunni kleift að vinna samkvæmt hlutverki sínu og stefnu, líkt og greint er frá í kafla 2. Séu þarfirnar uppfylltar er heilsugæslan í stakk búin til þess að mæta þörfum þjónustupega, einnig er hún þannig tilbúin að mæta þeirri framtíðarsýn að heilbrigðisstofnunin sé eftirsóttur vinnustaður sem vinnur með starfsmönnum, íbúum og stjórnvöldum að framþróun og eflingu starfseminnar og aðlögun hennar að þörfum notenda.

Heilsugæslan er fyrsti viðkomustaður einstaklings sem sækir heilbrigðisþjónustu. Sá viðkomustaður þarf að vera aðgengilegur og þannig búinn að hægt sé að veita samfellda, alhliða þjónustu sem grundvallast m.a. á teymisvinnu, nýjungum, tækni, sérþekkingu, heilsuvernd og þverfaglegu samstarfi. Verkefni heilsugæslunnar er í stöðugri þróun, aukin áhersla er lögð á gott aðgengi, eftirlit og forvarnir. Einnig er aukin áhersla lögð á vistvænar áherslur, í því tilliti er horft til þess að þau rými sem heilsugæslan hefur til umráða séu sveigjanleg, vel- og fullnýtt í hentugum stærðum, auk þess að aukið svigrúm skapist til þess að stunda flokkun á úrgangi.

Með hliðsjón af starfseminni þarf m.a. að hafa í huga;

- Að skipulag húsnæðis hámarki skilvirkni reksturs og teymisvinnu starfsmanna.
- Að skipulag og stærð húsnæðis bjóði upp á fjölgun skjólstæðinga og starfsmanna og fjölbreyttari starfsemi, sveigjanleiki í þróun starfseminnar
- Að kostur er að hafa starfsemina á einni hæð.
- Að vistvænar áherslur séu í öndvegi, m.a. með góðri nýtingu fermetra
- Að aðgangsstýring stuðli að öryggi starfsmanna og stýri flæði um rýmið.
- Að gott aðgengi sé að húsnæði og skilvirkt flæði um rýmið.
- Að gott aðgengi skjólstæðinga sé að þjónustunni
- Að heilsugæslan sé miðpunktur heilsueflingar

- Að viðeigandi hljóðvist sé tryggð og uppfylli lágmarkskröfur samkvæmt ÍST 45:2016 og byggingarreglugerð.
- Að góð innivist sé tryggð, m.a. með góðum loftunarmöguleikum.
- Að vinnuaðstaða og vinnuumhverfi starfsmanna sé heilsusamleg og í samræmi við lög um vinnuvernd.
- Að á stöðinni séu tæki og búnaður í samræmi við nútíma kröfur.
- Að nægt geymslurými sé til staðar.


3.3 Almenn lýsing

Almenn lýsing á starfseminni hefur komið fram í skjalinu.

3.4 Áætlun um notendur (starfsfólk/skjólstæðingar), búnað og tæki

Áætlun um skjólstæðinga

Heilsugæslan Miðbæ þjónar einkum íbúum í póstnúmeri 101 vestan Snorrabrautar og norðan Hringbrautar. Á stöðinni eru skráðir skjólstæðingar heilsugæslunnar 14.551 (desember 2023) sem skv. viðmiðum heilbrigðisráðuneytisins eru 1.000 skjólstæðingar á um 35 m². Til samanburðar þá gera nógildandi viðmið ráð fyrir 90m² á hverja 1.000 skjólstæðinga.



Yfirlitsmynd, skjólstæðingar og fjöldi íbúa (nóvember 2023)

Til þess að fá heildarmynd af stöðunni þá voru upplýsingar um íbúa og skráða skjólstæðinga heilsugæslustöðva á nærliggjandi svæði teknar saman. Fyrst og fremst er horft á póstnúmer 101, 107 og 170.

Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ þjónar einkum íbúum á Seltjarnarnesi og Reykvíkingum í vesturbæ sunnan Hringbrautar, þar með talið háskólahverfi og Skerjafirði. Skráðir skjólstæðingar 16.929 (nóvember 2023) sem skv. viðmiðum heilbrigðisráðuneytisins eru 1.000 skjólstæðingar á um 60 m². Þó að stærð stöðvarinnar sé undir viðmiðum ráðuneytisins er ekki stefnt að stækkun stöðvarinnar heldur er frekar horft á að íbúar/skjólstæðingar í póstnúmeri 107 færi sig að einhverju leiti yfir á nýju miðbæjarstöðina þegar hún verður opnuð.

Engin heilsugæslustöð er í póstnúmer 107 og eru því margir íbúar þar skráðir á heilsugæslustöðvunum á Seltjarnarnesi og í miðbænum. Samtals þjóna þessar heilsugæslustöðvar 31.582 skráðum skjólstæðingum (nóvember 2023).

Við áætlun um fjölda notenda er horft til nokkurra þátta; Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, mannfjöldaspá Hagstofunnar og spá um fjölda ferðamanna á vegum Ferðamálastofu. Í miðborginni hefur íbúafjöldi aukist hratt á síðustu árum og þ.a.l. hefur skjólstæðingum Heilsugæslunnar Miðbæ fjölgað mikið. Þar að auki hefur ferðamönnum fjölgað jafnt og þétt, en þeir sækja einnig þjónustu til heilsugæslunnar í miðbænum. Samkvæmt áætlaðri aukningu byggingarmagns í Aðalskipulagi Reykjavíkur má reikna með um 10-15% fjölgun íbúa á næstu 15 árum í miðbænum. Skv. flatrí mannfjöldaspá Hagstofunnar er reiknað með um 15% aukningu á landsvísu. Langtímaspá Ferðamálastofu spáir um 50% aukningu ferðamanna árið 2030, frá metárinu 2018. Erfitt er að spá um fjölda eftir 15 ár eða hversu hátt hlutfall þeirra muni þurfa að sækja heilsugæslu, en reikna má með auknu álagi.

Ef reiknað er með 15% fjölgun skjólstæðinga þá verða þeir um 36.000 árið 2039 í póstnúmerum 101, 107 og 170. Samkvæmt viðmiðum (90 m² á hverja 1.000 skjólstæðinga) þá getur heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi þjónað 11.000 skjólstæðingum, ekki stendur til að stækka hana. Heilsugæslan Miðbær þyrfti því að geta tekið á móti 25.000 skjólstæðingum, en m.t.t. annarra þátta hefur verið ákveðið að miða við 20.000-22.000 skjólstæðinga. Sveigjanleiki þarf að vera til staðar þar sem erfitt er að finna húsnæði í miðbænum sem uppfyllir kröfur varðandi stærð, gerð og aðkomu. Í nærliggjandi póstnúmeri, 102, er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu og fjölgun íbúa. Mælt er með því að svæðið verði skoðað í stærra samhengi í nálægri framtíð og að skoðaður verði möguleiki á nýrri heilsugæslustöð í tengslum við 102.

Áætlun um fjölda starfsmanna

Húsnæði heilsugæslunnar þarf að styðja við vaxtar- og þróunarmöguleika. Hafa ber í huga að fjöldi aldraðra eykst einnig jafnt og þétt í hlutfalli við þá sem yngri eru, einstaklingar lifa almennt lengur með sjúkdómum en áður. Fjölgun íbúa og hærri lífaldur hefur áhrif á fjölgun starfsmanna á heilsugæslustöðvum. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins miðar við einn hjúkrunarfræðing á hverja 1.000 íbúa og einn lækni á hverja 1.100 - 1.200 íbúa.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaðan fjölda starfsmanna og stöðugilda árið 2039, þar sem reiknað er með fjölgun skjólstæðinga næstu 15 árin í 20.000-22.000. Fjöldi starfsmanna í dag er 29 í 24 stöðugildum. Á næstu 15 árum er miðað við að þeim fjölgi um 50%. Gert er ráð fyrir að starfsmenn verði í alls 58 – 64 stöðugildum árið 2039. Taflan sýnir viðmið annars vegar viðmið fyrir 20.000 skjólstæðinga og hins vegar fyrir 22.000 skjólstæðinga.

Starfsheiti	20.000 skjólstæðingar		22.000 skjólstæðingar	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Læknar	23	18	27	20
Hjúkrunarfræðingar	27	20	29	22
Aðrir starfsmenn	27	20	29	22
Samtals	77	58	85	64

Tafla 4. Áætlaður fjöldi stöðugilda eftir 15 ár.

Fjallað er um aðstöðu og nauðsynlegan búnað í nýjum viðmiðum heilbrigðisráðuneytisins um stærð og skipulag heilsugæslustöðva, sjá kafla 6.0 Rýmislýsingar í: [Viðmið um stærð og skipulag heilsugæslustöðva](#)

Búnaður og tæki

Kostnaður við búnað er áætlaður 38,5 þús. kr. á hvern nýjan fermetra í desember 2023.

3.5 Staðsetning

Æskilegt er að nýtt húsnæði sé staðsett miðsvæðis í miðborginni og að aðkoma þeirra sem þangað sækja þjónustu sé greið. Húsnæðið skal vera í góðum tengslum við almenningssamgöngur og bílastæðahús.

3.6 Skipulag húsnæðis og æskileg tengsl

Horfa þarf á skipulag húsnæðis og rýma út frá línulegri stjórnun og teymisvinnu. Æskilegt er að rými þar sem starfsmenn vinna náið saman liggi samhliða hvort öðru og að auðvelt sé að nálgast öll aðföng sem til þarf svo gott flæði sé í starfseminni og þjónustan gangi sem greiðast fyrir sig. Auk þess er mikilvægt að horfa til öryggis starfsfólks og skjólstæðinga og smithættu.

Nánar er fjallað um skipulag húsnæðis og æskileg tengsl í nýjum viðmiðum heilbrigðisráðuneytisins um stærð og skipulag heilsugæslustöðva, sjá kafla 5.2: [Viðmið um stærð og skipulag heilsugæslustöðva](#)

4 HÚSRÝMISÁÆTLUN

4.1 Forsendur

Við mat á húsrýmisþörf er stuðst við leiðbeiningaritið „Viðmið um vinnuumhverfi“ frá 2020 þar sem við á og „Viðmið um stærð og skipulag heilsugæslustöðva, útg. 2, október 2023“.

Áætlun um íbúafjölgun á svæðinu skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur og mannfjöldaspá fyrir allt Ísland bendir til þess að skjólstæðingar Heilsugæslunnar Miðbæ verði um 20.000 – 22.000 næstu 10-15 árin. Reiknað er með auknu álagi vegna ferðamanna og einnig er tekið tillit til þess að vegna mögulegrar fjölgunar á svæðum (póstnúmer 102 t.d.) í kring þá verði mögulega þörf fyrir enn aðra heilsugæslustöð í framtíðinni.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar er 29 í um 23 stöðugildum í dag en á næstu **15** árum er gert ráð fyrir verulegri fjölgun starfsfólks eða um **77** manns í um **58** stöðugildum. Til þess að slík þróun geti átt sér stað, þarf að færa starfsemina í stærri húsakynni.

Stærð rýma er lýst í fylgiskjali F1 „Húsrýmisáætlun.xlsx“. Þar er tekið tillit til þeirra viðmiða sem sett eru fram fyrir almenna og sértæka notkun á vegum ríkisins, annars vegar er miðað við 20.000 skjólstæðinga og hins vegar 22.000 skjólstæðinga.

Þarfagreining og húsrýmisáætlun voru unnin í samvinnu starfsmanna heilsugæslunnar, heilbrigðisráðuneytisins og FSRE.

4.2 Stærðarviðmið

Í meðfylgjandi húsrýmisáætlun er gerð grein fyrir starfsemi heilsugæslunnar og miðast stærðir rýma við hefðbundna starfsemi slíkra stofnana. Í viðmiðum ráðuneytisins um heilsugæslur er gert ráð fyrir 90 m² á 100 skjólstæðinga þegar um hefðbundna heilsugæslu er að ræða. Þessi viðmið eru lágmarksviðmið og þarf að taka tillit til hvaða viðbótar starfsemi mun fylgja hverri stöð s.s. aðstaða fyrir kennslu, sjúkráþjálfun, krabbameinsskoðun o.fl.

Í skjalinu er gerð grein fyrir þeim rýmum sem stofnunin telur nauðsynleg fyrir starfsemina.

5 NIÐURLAG

Heildarrýmisþörf Heilsugæslunnar Miðbæ er samkvæmt ofangreindu **1.800 – 1.980 m²** brúttó, auk **60 - 64 m²** fyrir útigeymslu, hjóla- og sorpskýli, eða samtals **1.860 – 2.044 m²** brúttó.

Áætluð bílastæðapörf er um **59 - 66 bílastæði**, en vegna aðstæðna í miðbænum er gert ráð fyrir því að ekki verði hægt að uppfylla bílastæðapörfina enda fjöldi bílastæðahúsa í nágrenninu.

Þetta samsvarar um 28-30 m² brúttó á starfsmann, sé miðað við að skjólstæðingar verði um 20.000 – 22.000 árið 2039 og stöðugildi um 58-64 .

Þessar fermetratölur teljast því nokkuð eðlilegar miðað við umfang og eðli starfsemi Heilsugæslunnar Miðbæ samanber viðmið heilbrigðisráðuneytisins frá október 2023 um stærð og skipulag heilsugæslustöðva.

Hér fyrir neðan eru helstu stærðir, miðað við annars vegar 20.000 skjólstæðinga og hins vegar 22.000 skjólstæðinga.

Skjólstæðingar	Stærð heilsug.	Hjóla- og sorpskýli	Samtals	Fjöldi bílastæða	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsm.
20.000	1.800 m ²	60 m ²	1.860 m ²	59	48	60
22.000	1.980 m ²	64 m ²	2.044 m ²	66	50	65

Núverandi húsnæði Heilsugæslunnar Miðbæ er of lítið miðað við fjölda skjólstæðinga og núverandi starfsmannafjölda. Að auki er skipulag þess einkar óhentugt og ekki er möguleiki til stækkunar. Kominn er tími á viðhald á húsnæðinu auk þess sem það uppfyllir ekki nútíma öryggis- og aðgengiskröfur. **Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir leggur til að auglýsa eftir nýju, hentugu og hagkvæmu húsnæði sem fyrst sem leysir ofangreindar þarfir og húsrýmisþörf.**

f.h. Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna

Aðalheiður Atladóttir, verkefnastjóri FSRE

6 FYLGISKJAL I: HÚSRÝMISÁÆTLANIR, SUNDURLIÐAÐAR

FORSENDUR						
25.10.2023						
VERKNÚMÉR	6330283	Fjöldi starfsstöðva	60	Brúttó ólag:	35%	
HEITI VERKEFNIS	Heilsugæsla miðbæjar Reykjavíkur	Fjöldi skjólstæðinga	20000	Víðmið m2:	1.800	
		Fjöldi klása	8	Víðmið 90 m2/1000 skj.		
		Fjöldi hæða	1	Víðmið 1.500/1 læknir		
				Önnur	1,15	
ÚTREIKNINGAR						
Nr.	Heiti starfsemi	Forsendu- víðmið	Fjöldi rýma	Starfstöðva- r	Alls m2 nettó	Alls m2 brúttó
	Móttaka - Klasi 1					35%
1.0.0	Anddyri aðalinnangangur	18	1	0	18	24
1.0.1	Móttaka ritarar	5,5	1	3	16,5	22
1.0.2	Biðstofa m. 3 snyrtingum	29	1	0	29	39
	Samtals			3	63,5	86
	Bakvinnsla - Klasi 2					
1.0.3	Læknaritara teymisrymi + símvarsla hj. fr nálægt teymisrymi	5,5	2	6	33	45
1.0.4	Teymisstjóri hluti teymisrymis afskermað að hluta	5,5	0	1	5,5	7
1.0.4.1.	Sjúkraskrár / í skjalaskápum í teymisrymi læknaritara (70hm/6)	70	0	0	11	15
1.0.5	Skrifstofuvörur - ljósrítun	8	1	0	8	11
	Samtals			7	57,5	78
	Viðtalsherbergi - Klasi 3					
1.0.6	Innra biðrymi	18	1	0	18	24
1.0.7	Viðtalsherbergi - (læknar)	18	14	14	252	340
1.0.8	Viðtalsherbergi - (hjúkrun aldr/langv/sálfr/sjúkraþj./félagsr)	18	13	13	234	316
1.0.9	Lagerskápar /gangar	1,2	2	0	2,4	3
	Samtals			27	506,4	683
	Bráðarymi - Klasi 4					
1.1.0.	Innra biðrymi	15	1	0	15	20
1.1.1.	Aðgerðastofa	20	2	2	40	54
1.1.2.	Aðgerðar-vaktherbergi	20	2	2	40	54
1.1.3.	Rannsókn - blódtaka	16	1	1	16	22
1.1.4.	Skól - sóttgreinsun í námundan við aðgerðastofur	16	2	0	32	43
1.1.5.	Hjúkrunarlagar	12	2	0	24	32
	Samtals			5	167	225
	Mæðravernd og ungbarnavernd - Klasi 5					
1.1.6.	Innri biðrymi - barnahorn - 4 m2 salerni	20	1	0	20	27
1.1.7.	Mæðravernd/Krabbameinsskoðun	18	3	3	54	73
1.1.8.	Ungbarnavernd	18	3	3	54	73
	Samtals			6	128	173
	Miðlæg rými - Klasi 6		Fjöldi rýma	Starfstöðvar		
1.1.9.	Matsalur - eldhús tvísetinn	1,5	1	0	45	61
1.2.0.	Kaffkrókur	2	2	0	4	5
1.2.1.	Næðisrymi nálægt teymisrymi	5,5	4	0	22	30
1.2.2.	Teymisrymi (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr/aðgerðateymi)	5,5	2	12	66	89
1.2.3.	Fundur - samstarfsrymi - möguleg fyrir fjölskylduviðtöl	14	3	0	42	57
1.2.4.	Fundarsalur 35-40 manns - tengt matsal	52,5	1	0	53	71
1.2.5.	Anddyri starfsmenn	15	1	0	15	20
1.2.6.	Búningsaðstaða með sturtu, snyrting (klefar+ forrymi)	3,5	14	0	49	66
1.2.7.	Munaskápar og fatahengi	0,4	1	0	24	32
1.2.8.	Geymsla - ræsting, ræstivagnar, þvottavél	10	1	0	10	14
1.2.9.	Geymsla fyrir tæki og hjólastóla	15	1	0	15	20
1.3.0.	Geymsla fyrir sorpflokkun - nálægt matsal/eldhúsi	7	1	0	7	9
1.3.1.	Geymsla - Stoðþjónusta/eignaumsjón	12	1	0	12	16
1.3.2.	Vörumóttaka	12	1	0	12	16
1.3.3.	Tæknirými-loftræsing	30	1	0	30	41
1.3.4.	Tæknirými-tölvuherbergi	6	1	0	6	8
	Samtals			12	412	555,5
	Önnur rými					15%
1.3.5.	Sorpgeymsla á lóð	25	1	0	25	29
1.3.6.	Hjólageymsla læst	27	1	0	27	31
	Önnur rými samtals				52	60
1.3.7.	Bilastæði (1p/24 m2)	24	59	0	0	1.416
	Heildarstærð heilsugæsla				1334	1.800
	Heilsugæsla með öðrum rýmum					1.860
	Lóðastærð					3.276

Húsrýmistafla, miðað við 20.000 skjólstæðinga

FORSENDUR						
03.10.23						
VERKNÚMÉR		Fjöldi starfstöðva heilsugæslu		65	Brúttó dág: 35%	
HEITI VERKEFNIS		Fjöldi skjólstæðinga		22000	Viðmið m ² : 1.980	
		Fjöldi klasa		8	Viðmið 90 m ² /1000 skj.	
		Fjöldi hæða		2	Viðmið 1.500/1 lækni	
					Önnur 1,15	
ÚTREIKNINGAR						
Nr.	Heiti starfsemi	Forsendu viðmið	fjöldi rýma	Starfstöðva r	Alls m ² nettó	Alls m ² brúttó
	Móttaka - Klasí 1					35%
1.0.0	Anddyri aðalíngangur	20	1	0	20	27
1.0.1	Móttaka ritarar	5,5	1	4	22	30
1.0.2	Biðstofa m. 3 snyrtingu	36	1	0	36	49
	Samtals			4	78	105
	Bakvinnsla - Klasí 2					
1.0.3	Læknaritarar teymisrými + símvarsla hj. fr nálægt teymisrými	5,5	2	6	33	45
1.0.4	Teymisstjóri hluti teymisrýmis afskermað að hluta	5,5	0	1	5,5	7
1.0.4.1.	Sjúkraskrár / í skjalaskápum í teymisrými læknaritara (80hm/6)	80	0	0	13	18
1.0.5	Skrifstofuvörur - ljósritun	8	1	0	8	11
	Samtals			7	59,5	80
	Viðtalsherbergi - Klasí 3					
1.0.6	Innra biðrými	22	1	0	22	30
1.0.7	Viðtalsherbergi - (læknar)	18	14	14	252	340
1.0.8	Viðtalsherbergi - (hjúkrun aldr/langv/sálfr/sjúkrþj./félagsr)	18	14	14	252	340
1.0.9	Lagerskápar /gangar	1,2	4	0	4,8	6
	Samtals			28	530,8	716
	Bráðarymi - Klasí 4					
1.1.0.	Innra biðrými	18	1	0	18	24
1.1.1.	Aðgerðastofa	20	3	3	60	81
1.1.2.	Aðgerðar-vaktherbergi	20	2	2	40	54
1.1.3.	Rannsókn - blódtaka	16	1	2	16	22
1.1.4.	Skól - sótthreinsun í námundan við aðgerðastofur	18	2	0	36	49
1.1.5.	Hjúkrunarlagar	12	2	0	24	32
	Samtals			7	194	262
	Mæðravernd og ungbarnavernd - Klasí 5					
1.1.6.	Innri biðrými - barnahorn - 4 m ² salerni	22	1	0	22	30
1.1.7.	Mæðravernd/Krabbameinsskoðun	18	3	3	54	73
1.1.8.	Ungbarnavernd	18	4	4	72	97
	Samtals			7	148	200
	Miðlæg rými - Klasí 6		fjöldi rýma	Starfstöðvar		
1.1.9.	Matsalur - eldhús tvísetinn	1,5	1	0	49	66
1.2.0.	Kaffikrókur	2	2	0	4	5
1.2.1.	Næðisrými nálægt teymisrými	5,5	5	0	27,5	37
1.2.2.	Teymisrými (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr/aðgerðateymi)	5,5	2	12	66	89
1.2.3.	Fundur - samstarfsrými - möguleg fyrir fjölskylduviðtöl	15	4	0	60	81
1.2.4.	Fundarsalur 35-40 manns - tengt matsal	52,5	1	0	53	71
1.2.5.	Anddyri starfsmenn	15	1	0	15	20
1.2.6.	Búningsaðstaða með sturtu, snyrting (klefar+ forrými)	3,5	16	0	56	76
1.2.7.	Munaskápar og fatahengi	0,4	1	0	26	35
1.2.8.	Geymsla - ræsting, ræstivagnar, þvottavél	10	1	0	10	14
1.2.9.	Geymsla fyrir tæki og hjólastóla	17	1	0	17	23
1.3.0.	Geymsla fyrir sorpflokkun - nálægt matsal/eldhúsi	8	1	0	8	11
1.3.1.	Geymsla - Stoðþjónusta/eignaumsjón	12	1	0	12	16
1.3.2.	Vörumóttaka	13	1	0	13	18
1.3.3.	Tæknirými-loftræsing	36	1	0	36	49
1.3.4.	Tæknirými-tölvuherbergi	5	1	0	5	7
	Samtals			12	457	617
	Önnur rými					15%
1.3.5.	Sorpgeymsla á lóð	28	1	0	28	32
1.3.6.	Hjólageymsla læst	28	1	0	28	32
	Önnur rými samtals				56	64
1.3.7.	Bílastæði (1p/24 m ²)	24	66	0	0	1.584
	Heildarstærð heilsugæsla				1467	1.980
	Heilsugæsla með öðrum rýmum					2.044
	Lóðstærð					3.628

Húsrýmistafla, miðað við 22.000 skjólstæðinga

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

Undirritunarsíða

Aðalheiður Atladóttir



Undirritað af:
Aðalheiður Atladóttir
1209755879
Dags: 20.02.2024
Tími: 10:31:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: b312d148-
e492-45b9-a881-
62fdb0eeb54c